

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi hestamannafélagsins Sörla við Kaldárselsveg.*

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 12. mars 2019 óverulega breytingu á deiliskipulagi hestamannafélagsins Sörla við Kaldárselsveg. Breytingin varðar skilmálatöflu þar sem koma fram m.a. lóðarstærðir og nýtingarhlutfall.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 18. mars 2019.*

**Þormóður Sveinsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. apríl 2019